

**Nd.**

**577. Breytingartillögur**

[190. mál]

við frv. til laga um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar 1979.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

2. mgr. 3. gr. laga nr. 82/1977, um heimild til erlendra lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna lánsfjáráætlana 1978, hljóði svo:

- Að því marki, sem þarf til að lífeyrissjóðir geti fullnægt ávöxtunarákvæðum í 1. mgr., er Framkvæmdasjóði Íslands og Byggingarsjóði ríkisins skylt að hafa verðtryggð skuldabréf til sölu og skal andvirði bréfanna ráðstafað samkvæmt lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Þó skal 20% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands varið til kaupa á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins. Ríkisstjórnin kynnir hverjum og einum lífeyrissjóði að hvaða marki sjóðurinn kaupir bréf af hvorum þessara fjárfestingarsjóða. Þá skal og öðrum stofnlána- og fjárfestingarsjóðum heimilt að gefa út og seldja lífeyrissjóðum skuldabréf er fullnægja verðtryggingarákvæðum 1. mgr. að mati Seðlabanka Íslands, enda sé sala skuldabréfa þessara í samræmi við lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar.

2. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

- Framkvæmdasjóði er heimilt að taka erlent lán á árinu 1979 að fjárhæð 4 450 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Framkvæmdasjóður skal lána Fiskveiðasjóði Íslands allt að 450 millj. kr. af fyrrnefndri upphæð til að mæta lækkuðum tekjum Fiskveiðasjóðs vegna laga nr. 3 frá 2. mars 1979.

3. Við 13. gr. Greinin orðist svo:

- Þrátt fyrir ákvæði 1. og 4. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög nr. 68/1973, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins á árinu 1979 ekki fara fram úr 723 600 þús. kr.

4. Við 14. gr. Greinin orðist svo:

- Þrátt fyrir ákvæði C- og D-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, og ákvæði laga nr. 3/1979, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal

framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands á árinu 1979 ekki fara fram úr 1 275 500 þús. kr.

5. Við 15. gr. Greinin orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði a-, b-, c- og d-liðar 2. mgr. 4. gr. laga nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, skulu samanlagðar tekjur Byggingarsjóðs ríkisins samkvæmt greindum stafliðum ekki fara fram úr 6 659 100 þús. kr. á árinu 1979.

Fari tekjur skv. a-lið 2. mgr. 4. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 14/1965 með síðari breytingum, sbr. 1. gr. laga nr. 65/1977, og skv. c-lið 2. mgr. 4. gr. laganna fram úr þessari fjárhæð skal það, sem umfram er, renna í ríkissjóð.

6. Við 17. gr. Greinin orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 5. gr. laga nr. 35/1966, um Lánasjóð sveitarfélaga, sbr. lög nr. 99/1974, skal framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs sveitarfélaga á árinu 1979 eigi fara fram úr 183 600 þús. kr.

7. Við 18. gr. Greinin orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 30/1921, um erfðafjárskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 50/1972, skulu tekjur Erfðafjársgjóðs af erfðafjárskatti á árinu 1979 ekki fara fram úr 180 000 þús. kr. Það, sem umfram kann að innheimtast á árinu 1979 af erfðafjárskatti, rennur í ríkissjóð.

8. Við 19. gr. Greinin orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs á árinu 1979 eigi fara fram úr 94 500 þús. kr.

9. Við 20. gr. Greinin orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. og 25. gr. laga nr. 60/1976, um skipulag ferðamála, skal ráðstöfunarfé til ferðamála af sérstöku gjaldi skv. 8. gr. laganna og framlagi úr ríkissjóði skv. 25. gr. laganna eigi fara fram úr 30% af skilum Fríhafnarinnar til ríkissjóðs, að viðbættum 36 000 þús. kr. til Ferðamálasjóðs. Kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs skal greiddur af þeim hluta skilafjár Fríhafnarinnar er fellur til ráðsins.